



Klettaskóli
- menntun fyrir lífið

Umhverfisstefna Klettaskóla

Klettaskóli hefur sett sér markmið í umhverfismálum og er stöðugt að þróa og bæta þær leiðir sem farnar eru til að ná þeim. Til þess að gera umhverfissáttmálann sýnilegan er hann hengdur upp á nokkrum stöðum í skólanum auk þess sem hann er á heimasíðu skólans.

Umhverfisnefnd hefur sett sér eftirfarandi markmið:

Flokka þann úrgang sem fellur til í skólanum

- Í öllum stofum eru ílát fyrir lífrænan úrgang, pappír, plast, fernur og almennt sorp.
- Á sameiginlegu svæði eru ílát fyrir rafhlöður, kerti, spilliefni og málma.
- Nemendur og kennarar sjá vikulega um losun flokkunaríláta í kennslustofum og fara með í nærliggjandi gáma.

Nýta lífrænan úrgang til moltugerðar

- Lífrænu sorpi úr skólanum er safnað saman og sett í gám á skólalóð. Lífrænn úrgangur úr heimilisfræðistofu er settur í moltutunnu og nýttur til ræktunar á skólalóð.

Draga úr sóun á pappír

- Starfsfólk og nemendur dragi úr pappírnotkun, t.d. með því

að ljósrita beggja vegna, senda frekar tölvupósta en útprentuð blöð þegar það á við o.s.frv.

- Pappír endurnýttur sem mest í öllu daglegu starfi. -

Miðar um pappírssparnað settir upp við handþurrkur.

- Fjölnota leirtau verði notað í skólastofum, á kaffistofu starfsfólks, í mötuneyti og sem mest þegar upptökur eru í skólanum.

Hvetja nemendur og starfsfólk um leiðir til orkusparnaðar

- Miðar sem minna fólk á að slökkva ljós séu í skólastofum.

- Í lok dags er þess gætt að gluggar séu lokaðir og ofnar rétt stilltir.

Nærumhverfi skólans

- Viðhald og umhirða í Lundaskógi. Efni úr skóginum nýtt í hönnun og smíði.

- Tína rusl í nánasta umhverfi skólans.

- Hlúa að rifsberjarunnum og nýta þá.

Fræða foreldra um markmið og vinnu skólans í umhverfismálum

Umhverfissáttmáli skólans er í sífelldri endurskoðun og þróun. Lögð er áhersla á að umhverfismál verði órjúfanlegur hluti af daglegu starfi í skólanum.